

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag spildu úr landi Hraðastaða í Mosfellsdal, Mosfellsbæ.

Á fundi bæjarstjórnar þann 18. júní 2003 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi spildu úr landi Hraðastaða í Mosfellsdal í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Skipulagstillagan nær til lands í landi Hraðastaða frá Þingvallavegi að sunnanverðu og vestan Helgadalsvegur. Alls er spildan 5,2 ha. Samkvæmt tillögunni, er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir íbúðarhúsi, bílgeymslu og hesthúsi.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 30. júní 2003.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.